



FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Samfélagsþjónusta í stað óskb. fangelsisrefsingar:

Hvað er samfélagsþjónusta?

Samfélagsþjónusta felur í sér tímabundið ólaunað starf í þágu samfélagsins svo sem líknar- eða félagsstarf ýmiss konar, sem kemur í stað afplánunar í fangelsi. Starfið er unnið utan vinnutíma dómþola og getur hann því stundað atvinnu sína eða nám meðan á samfélagsþjónustu stendur og verið virkur þjóðfélagsþegn. Fangelsismálastofnun getur ákveðið að hluti ólaunuðu samfélagsþjónustunnar skuli felast í viðtalsmeðferð en þó aldrei meira en einn fimmti hluti hennar.

Hverjir geta óskað eftir samfélagsþjónustu?

Þeir sem dæmdir hafa verið í allt að **tólf mánaða** óskilorðsbundið fangelsi geta sótt um samfélagsþjónustu á meðfylgjandi eyðublaði. Þegar um er að ræða fangelsisrefsingu samkvæmt fleiri en einum dómi má samanlögð refsing ekki vera lengri en tólf mánuðir. Þegar um blandaða dóma er að ræða, þ.e. þegar hluti fangelsisrefsingar er skilorðsbundinn, kemur samfélagsþjónusta ekki til greina ef samanlögð refsing er hærri en tólf mánuðir.

Hvar og hvenær á að sækja um samfélagsþjónustu?

Umsóknum skal skila til Fangelsismálastofnunar **ekki síðar en viku áður en afplánun á að hefjast** samkvæmt boðunarbréfi Fangelsismálastofnunar. Eftir að umsókn hefur verið skilað **frestast afplánun refsivistar þar til ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur**. Fangelsismálastofnun tilkynnir umsækjanda hvort fallist er á beiðni um samfélagsþjónustu bréflaga.

Hvaða skilyrði þarf að uppfylla til að geta afplánað með samfélagsþjónustu?

Skilyrði þess að samfélagsþjónusta komi til álita eru m.a. að almannahagsmunir mæli ekki gegn því, að dómþoli hafi óskað eftir því skriflega við Fangelsismálastofnun eigi síðar en viku áður en hann átti að hefja afplánun í fangelsi, að hann eigi ekki til meðferðar mál hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum, þar sem hann er grunaður um refsiverðan verknað, að hann teljist hæfur til að gegna samfélagsþjónustu og að hann sé ekki í afplánun.

Hvernig er staðið að undirbúningi að samfélagsþjónustu?

Ef umsókn um samfélagsþjónustu er samþykkt er umsækjanda birt samfélagsþjónustuskírteini þar sem fram kemur klukkustundafjöldi samfélagsþjónustu, hvar og á hve löngum tíma samfélagsþjónusta skuli innt af hendi. Þá koma ennfremur fram þau skilyrði sem viðkomandi þarf að standast en þau eru helst að viðkomandi sé ekki grunaður um refsiverðan verknað, neyti hvorki áfengis né deyfilyfja, vinni á tilsettum tíma og tilkynni án undandrátta veikindi eða aðrar orsakir fyrir því að hann geti ekki mætt til vinnu. Jafnframt kemur fram hverju það varði ef skilyrði þessi eru rofin. Dómþoli gengst undir framangreind skilyrði með undirritun sinni. Starfsmaður Fangelsismálastofnunar fer alla jafna með dómþola á vinnustað í fyrsta sinn. Í kjölfarið er haft eftirlit með honum, m.a. með heimsóknnum á vinnustað og viðtölum við umsjónarmann en sá síðarnefndi sér um að leiðbeina viðkomandi og fylgjast með ástundun hans.

Hvers konar störf er um að ræða?

Aðallega er um að ræða líknar- og félagsstörf hjá félaga- og góðgerðarsamtökum. Störfin felast mestmegnis í þrífum og viðhaldi. Val á vinnustað fer eftir því hvaða störf eru laus á hverjum tíma og hvað telst hæfa umsækjanda að mati Fangelsismálastofnunar.

Hvenær er starfið unnið?

Starfið er ýmist unnið á hefðbundnum vinnutíma eða á kvöldin og um helgar. Starfstími er frá 40-480 klst. og dreifist á 2 - 14 mánuði.

Hvað gerist ef menn rjúfa skilyrði samfélagsþjónustu?

Ef dómþoli í samfélagsþjónustu rýfur skilyrðin sem voru sett, t.d. með því að sinna ekki vinnuskyldu sinni, vegna óreglu eða ef hann er kærður fyrir að hafa framið refsiverðan verknað getur hann þurft að afplána eftirstöðvar refsingarinnar/anna í fangelsi. Ákvarðanir þessar eru tilkynntar viðkomandi skriflega.

Aðrar upplýsingar

Hægt er að fá allar nánari upplýsingar um skilyrði og fyrirkomulag samfélagsþjónustu hjá Fangelsismálastofnun ríkisins, Austurströnd 5, 170 SELTJARNARNESI, sími 520-5000 (símatími kl. 9-11) og á www.fangelsi.is